



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2017.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (akstursþjónusta), 146. löggjafarþing 2016 -2017. Þingskjal nr. 312 – 223. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur um akstursþjónustu til handa öldruðum en mörg sveitarfélög hafa þó veitt þessa þjónustu þótt lög hafi ekki kveðið á um slíkt.

MRSÍ tekur frumvarpinu fagnandi og telur að um mikilvæga réttarbót sé að ræða. Nauðsynlegt er að veita því fólki sem ekki getur nýtt sér almenningsfarartæki sökum fötlunar eða annarrar skerðingar, færi á að komast ferða sinna til að stunda atvinnu, nám eða njóta tómstunda. Fram til þessa hafa ekki öll sveitarfélög boðið upp á þessa þjónustu en verði frumvarpið að lögum verður girt fyrir allan vafa um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum og tryggt að slík þjónusta sé ávallt til taks fyrir þann hóp sem þarf á henni að halda.

Gerir skrifstofan ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri